

50
7. maí

L Ö G

um

Strandarkirkju og sandgræðslu í Strandarlandi.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Af fje Strandarkirkju má á árunum 1928 til 1929 verja alt að 10000 kr. til sandgræðslu, girðinga og sjógarða í Strandarlandi, en síðan má verja alt að 1000 kr. á ári hverju til viðhalds og græðslu.

2. gr.

Um framkvæmd sandgræðslunnar og tillögur til hennar fer að öðru eftir lögum um sandgræðslu.

3. gr.

Strandarland skal vera eign Strandarkirkju.

4. gr.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið hefir umsjón með stjórn kirkjufjanna og setur reglur um framkvæmd hennar.

5. gr.

Lög þessi öðlast gildi 12. maí 1928.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Sorgenfriköll, 7. maí 1928.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jónas Jónsson.